



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um spretthóp vegna hávaða í miðbænum

Á fundi borgarráðs þann 11. ágúst 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins sat tvo fundi í sumar vegna kvartanna íbúa varðandi hávaða og skrísláta í miðbænum. Fundina sátu einnig lykilaðilar úr borgarkerfinu, lögregla og fulltrúar íbúa. Í kjölfarið var settur á laggirnar spretthópur sem vinna átti málið áfram. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvernig starfið gengur hjá hópnum? Spurt er hvernig miðar þessari vinnu og hvert stefnir? Hafa allir útihátalarar t.d. verið fjarlægðir eins og talað var um að gera, enda ólöglegir? Hefur verið velt upp möguleikum á frekari hljóðvörnum t.d. eins og í gömlum húsum sem vitað er að bergmála vegna slakrar einangrunar? Eru kvartanir nú allar færðar til bókar? Flokkur fólksins hefur verið með tillögur til lausnar þessa vanda. Sú fyrsta var lögð fram 2018 þar sem lagt var til að reglugerð um hávaðamengun yrði fylgt, og nú síðast að farið verði í fjölþættar aðgerðir til að leysa vanda m.a. með ráðningu miðbæjarstjóra og skoða að flytja klúbba sem eru opnir fram eftir nóttu úr miðbænum til dæmis út á Granda.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 12. ágúst 2022.

Svar:

Eftir að Covid-faraldrinum létti og starfsemi veitinga- og skemmtistaða í miðbænum komst í eðlilegt horf á ný fóru að berast kvartanir íbúa í miðbænum á ný um hávaðamengun líkt og fram kom í minnisblaði sem lagt var fram í borgarráði 8. september 2022 þegar fram fór umræða um málefnið. Þann 22. júní voru fulltrúa íbúa og fleiri hagaðila boðaðir til samráðsfundar en tilgangur fundarins var að koma til móts við áhyggjur íbúa vegna hávaðamengunar og fara ítarlega yfir málin og vinna að lausnum. Ákveðið var að kalla eftir fleiri hagaðilum til samráðsins í framhaldinu.

Annar samráðsfundur var haldinn 28. júní s.l. en hann sátu m.a. fulltrúar frá Reykjavíkurborg, íbúum, heilbrigðiseftirlitinu, Samtökum reykvískra skemmtistaða, Samtökum félags veitingamanna, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sýslumanni o.fl. Ýmsar hugmyndir komu fram á fundinum til að draga úr hávaðamengun eins og að eftirlitsaðilar nýti sýn úrræði betur, vera með næturstrætó til að leysa fráflæðisvanda, lögreglan leggi áherslu á að fjarlægja hátalara veitingaaðila á götum úti, skoðað verði með styrki til rekstraraðila til að bæta hljóðvist, Samtök Reykvískra skemmtistaða miðli upplýsingum strax til sinna félagsmanna um ábyrgð



þeirra, efling fræðslu til starfsmanna skemmtistaða þegar kemur að hljóðmengun o.fl. Þá var ákveðið að setja af stað tímabundinn spretthóp, undir stjórn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, til að kortleggja aðgerðir sem hægt er að fara sem allra fyrst í en spretthópnum var ætlað að starfa á milli stærri samráðsfunda hagsmunaaðila. Spretthópurinn starfaði til haustsins.

Strax á fyrsta fundi samráðshópsins í júní var jafnframt ákveðið að halda samantektarfund með hagsmunaaðilum í lok ágúst til að meta hvernig þær aðgerðir gengu sem gripið var til í sumar. Sá fundur var haldinn 31. ágúst s.l. Þar komu m.a. fram ábendingar um hnökra á skráningu hjá lögreglu á hávaðakvörtunum frá íbúum. Samtök reykvískra skemmtistaða stóðu sig vel í upplýsingagjöf til sinna félagsmanna sem virðist hafa skilað tímabundnum árangri. Fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins greindi frá því að heilbrigðiseftirlitið fór í ítarlegar aðgerðir í sumar. Farið var á milli veitingastaða/kráa og ástandið greint og í kjölfarið voru send út á fjórða tug kröfubréfa vegna staðfests ónæðis. Einnig var sent út bréf á nokkra aðila til að tilkynna um eftirlit á svæðinu. Þetta virðist hafa skilað sér a.m.k. tímabundið í lægri hávaða að því er fram kom á samráðsfundinum. Þá fóru fram markvissar hávaðamælingar samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðiseftirlitinu. Mælingar staðfestu að hávaði væri yfir leyfilegum mörkum í einhverjum tilfellum. Fundað var sérstaklega með Samtökum reykvískra skemmtistaða þann 22. september s.l. þar sem rætt var um áframhaldandi samstarf til að sporna við hávaðamengun í miðbænum.

Fjórði samráðsfundur með hagsmunaaðilum var haldinn 19. október s.l. Þar lagði lögreglan m.a. fram gögn um tilkynningar frá íbúum vegna hávaða í miðborginni og tók fram að allar hávaðatilkynningar eru færðar til bókar. Tilkynningum fjölgaði 2020 og 2021 eftir að hafa fækkað árin þar á undan. Tilkynningar vegna hávaða innandyra voru yfirleitt 50-60% tilkynninga en 2020-2021 var þetta hlutfall nálægt 70%. Samkvæmt samantekt heilbrigðiseftirlitsins fækkað hávaðatilkynningum til embættisins í Covid-faraldrinum en fór í sama farið þegar faraldurinn gekk niður. Eftir að bréf voru send út í sumar til rekstraraðila fækkaði hávaðatilkynningum a.m.k. tímabundið. Fulltrúar íbúa lögðu fram minnisblað um stöðu mála og bentu m.a. á að huga þarf að flokkun veitingastaða varðandi leyfisveitingar. Einnig var bent á mikilvægi þess að eftirlitsaðilar nýti sér heimildir ef hávaðareglur eru brotnar, m.a. vegna útihátalara. Næturstætó sneri aftur 8. júlí á vegum Strætó bs. eftir um tveggja ára hlé og var í umferð þangað til í október s.l. en um tímabundið verkefni var að ræða og leysti hluta fráflæðisvandans sem kallað hefur verið eftir. Á fundinum kom fram að mikil ánægja ríkti með næturstætó en jafnframt komu fram mikil vonbrigði með þá ákvörðun Strætó bs. að hætta þessari þjónustu. Reykjavíkurborg samþykkti svo eitt sveitarfélaga í byggðasamlaginu í tengslum við fjárhagsáætlun 2023 að leggja til áframhaldandi fjármagn til Strætó bs. til að halda úti næturstætó fyrir árið 2023. Áætlað að næturstætó hefjist að nýju í upphafi árs 2023 og eingöngu innan Reykjavíkurborgar. Jafnframt var samþykkt að Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa taki upp samtalið með Samtökum reykvískra skemmtistaða og SVEIT um frekara samtalið og upplýsingagjöf og er það í undirbúningi. Næsti fundur samráðshóps hagsmunaaðila er áætlaður fljótlega á árinu 2023.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari